

JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Nr. 109

Október 2007

Fréttabréf



Gunnar Hátkason

HAUSTFUNDUR

Haustfundur Jökларannsóknafélags Íslands verður haldinn mánudaginn 22.október 2007 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.

Erindi: Páll Einarsson prófessor: Hvað er svona merkilegt við skjálfta undir Öskju og Upptýppingum?

Myndasýning: Þórrður Bergsson sýnir myndir úr skíðagöngu eftir Haute Route í Ölpunum

HAUSTFUNDUR JÖKLARANNSÓKNAFÉLAGSINS

Haustfundur Jökларannsóknafélagsins verður haldinn mánudaginn 22.október 2007 í sal 132 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands og hefst klukkan 20:00 að vanda. Á fundinum heldur Páll Einarsson jarðeðlisfræðingur erindi undir yfirskriftinni: “Hvað er svona merkilegt við skjálfta undir Öskju og Upptýppingum?”

Flekaskilunum í gegnum Ísland fylgja jarðskjálftar og jarðskjálftahrinur. Flestar hrinurnar tengjast flekahreyfingunum beint og verða þegar stökk jarðskorpan brotnar á flekaskilunum. Í lok febrúar á þessu ári hófst hrina af smáskjálftum um 20 km austan við Öskju, undir móbergsfjallinu Upptýppingum. Virknin fór vaxandi fram eftir árinu, náði hámarki í júlí og ágúst, en hefur dvínað talsvert í september og október. Stærstu skjálftarnir hafa verið rúmlega 2 stig að stærð. Ýmis einkenni hrinunnar benda til þess að hún stafi ekki af flekahreyfingum heldur af kvikuhreyfingum djúpt í jarðskorpunni. Í erindinu verður fjallað um röksemdir fyrir þessu, gerð grein fyrir jarðfræðilegum ramma virkninnar og reynt að ráða í framtíðarþróun hennar.



Hávegur frá Mont Blank að Matterhorni

Að loknu kaffihlé sýnir Þórrður Bergsson myndir úr skíðagöngu eftir Haute Route í Ölpunum sem er ein frægasta skíðaleið í heimi. Hún er 180 km löng og liggur um fjallaskörð, dali og jökla á einu stórbrotasta fjallasvæði jarðar.



VETRARLEG HAUSTFERÐ

Heldur var haustferðin vetrarleg í ár. Þrátt fyrir kalda veðurspá með úrkomu reiknuðu þátttakendur ekki með slíkri ófærð og snjómokstri inn á fjöllum og raun varð á í árlegri haustferð Jöklararnnsóknafélagsins þetta árið. Á þriðja tug manna hafði boðið komu sína en talsvert fækkaði í hópnum í aðdraganda ferðarinnar, líklega vegna lítt freistandi spár. Eigi að síður lagði galvaskur hópur af stað úr höfuðborginni að morgni 15. september, alls 5 bílar. Slydda og snjómgugga tók á móti ferðalöngum í Hrauneyjum, en ferðaáætlun var haldið og keyrt um Þórisós og Veiðivatnahraun. Jólalegt var um að lítast, hvít jörð og einstaka hraunnibbur sáu út um snjóugar bílrúðurnar. Má segja að Freelander Sverris Elefsen hafi staðið sig einna best á þessari leið, en öruggt leiðarval Hlyns Skagfjörðs á rauðu Toyotunni auðveldaði til muna aksturinn í hvítu hrauninu.



Á leið í Jökulheima- hvít jörð og einstaka hraunnibbur það einu sem sást. – mynd: Hrafnhildur Hannesd.

Var náð í Jökulheima um kaffileytið og hafði þá Jöklarauður sameinast hópnum við Þröskuld, með vaska skálasveit innanborðs, Villa, Árna Palla og börn. Eftir kakódrykkju og afslöppun í skálunum ákvað hluti hópsins að láta ekki frost og snjófjúk á sig fá og heimsótti Heljargjá og Dórin. Jöklarauðssveitin setti olfu á skálana, tók til í vélageymslunni og hugaði að skálunum. Haldin var grillveisla um kvöldið í skjóli vélageymslunnar, og allir fóru mettr í koju. Einn bíll bættist við hópinn um kvöldið, Hlynur Snæland og fjölskylda.



Sumir létu veðrið ekkert á sig fá og gengu að Heljargjá og Dórum. – mynd Hrafnhildur Hannesdóttir.

Blár himinn, sólskin og frost tók á móti hópnum í morgunsárið, og var flórsykrað landslagið ekki síðra en á heitum sumardeg. Einungis þrír bílar fóru áætlaða leið yfir Tungnaá á Gnapavaði, á Breiðbak og inná Nyrðra Fjallabak. Aðrir þátttakendur fóru hefðbundna leið til byggða, ruddust gegnum snjóskafla á veginum, sumir í tóg og aðrir án.



Legu bíll Hálfðans Ágústssonar óð yfir allt, straumharðar ár og snjóskafla. –mynd: Hlynur Skagfjörð

Gnapavað var ekki til vandræða, enda búið að vera frost daginn áður og um nóttina. Leiðin upp á Breiðbak gekk vel, en Snæland ruddi veginn á hvíta fína Patrólunum. Yfirsýn á Langasjó og jökla var mögnuð, hvít veröldin í allri sinni dýrð. Þótti leiðangursmönnum og konum þau hafa unnið fyrir útsýninu með

skyggislausu skaki daginn áður. Bílar festust í krapa, snjósköflum, bleytu og sandi og spil og spottar voru notaðir í gríð og erg.



Hlynur Snæland ruddi brautina á öflugum Patrol jeppa, en stundum dugði það ekki til. Og það var spilað og það var mokað.

Komið var niður að Langasjó og keyrt inná Nyrðri Fjallabaksleið yfir krapafyllta læk og snjóugar brekkur. Nærri Höllinni rakst hópurinn á tva smala, sem voru heldur þungir á brún, enda gekk smölunin hægt og illa. Sunnan við Landmannalaugar var færðin heldur betri, og var farin Sigölduleið í Hrauneyjar. Má segja að hetjur dagsins hafi verið yngri deildin sem lét sig hafa það að hrossast í bílunum allan daginn og blái Lego-Wranglerinn, en hann var eina farartækið sem ekki þurfti að kippa í og hjálpaði reyndar Patrol úr einni festunni.



Og það var togað en veðrið og útsýnið dásamlegt.

—mynd: Hrafnhildur Hannesdóttir



Horft yfir Langasjó

— mynd: VJ

Ekki var Fjallabak ófærara en svo að hópurinn í fánalitunum var kominn til höfuðborgarinnar eftir 10 tíma ferðalag úr Jökulheimum, reynslunni ríkari með myndavélarnar fullar af falletum vetrarmyndum. Víst er nauðsynlegt að fara svipaða leið að ári eða tveimur og skoða betur hraunin, sigdalina, sprungurnar og eldvörpin áður en þau klæðast vetrarkápunni.

Skemmtiferðin þakkar fyrir góða ferð.



ÁRSHÁTÍÐ JÖRFÍ 2007

Árshátíð Jökjarannsóknafélagsins verður haldin með pompi og pragt laugardaginn 10. nóvember 2007. Fordrykkur er í boði R. Sigmundssonar og hefst hann kl.18:00 að Klettagördum 25 í Reykjavík. Að því loknu verður haldið með rítum á vit gleði og glaums á ótilgreindum stað. Matur, dans og stanslaust fjör fram á rauða nótt.

Árshátíðarmiðinn kostar 5.500 krónur. Hægt er að nálgast miða hjá Ástvaldi Guðmundssyni rakarastofunni á Dalbraut (568-6312), Hrafnhildi Hannesdóttur (849-7824), Finni Pálssyni, Jarðvísindastofnun (525-4936), Jósef Hólmjárn á Veðurstofunni (893-5807), eða hjá Hálfadáni Ágústssyni Orkugarði (865-9551).

Mikilvægt að kaupa miða fyrir miðvikudaginn 7. nóvember.



Útg. JÓRFÍ, Pósthólf 5128, 125 Reykjavík / Ábm. Valgerður Jóhannsdóttir